


Spurt og svarað um að VELJA VIRKNIHÓP

Get ég valið virknihóp?

Öll sem starfa í vinnu og virkni hjá Ási styrktarfélagi geta valið virknihóp.

Hvar er hægt að velja virknihóp?

Á heimasíðu Áss styrktarfélags. Þú smellir á **Vinna og virkni** og þar undir er flipi sem heitir **Umsókn um virknihópa**.



The screenshot shows the website for Ás Styrktarfélag. The navigation menu at the top includes: Atvinna, Auðlesið efni, Félagið, **Vinna og virkni** (highlighted), and Búseta. Below the navigation menu, the main content area displays the title 'Umsókn um virknihópa'. A dropdown menu is open under 'Vinna og virkni', listing options: Um Vinnu og virkni, Hugmyndafræði í vinnu og virkni, Framleiðsla á vinnustöðum félagsins, Virknihópar, **Umsókn um virknihópa** (highlighted), Hvernig sækir þú um vinnu / þjónust, Ás vinnustofa, Stjórnugróf, and Gróðurhúsið. Below the title, there is a 'Hlusta' button and a 'Nafn' input field.

Hvernig fylli ég út umsóknina?

- Það þarf að fylla út fullt nafn umsækjanda.
- Það þarf setja inn netfang. Best er að setja netfang vinnustaðarins sem þú vinnur á. Þá fer staðfestingin á umsókninni þangað sem sýnir að þú hefur sótt um.
- Þegar þú hefur sótt um kemur upp á skjánum staðfesting sem segir að **umsóknin hafi verið móttokin**
- Það þarf alltaf að fylla út flipann Vinnustaður, sem segir á flettisþjaldinu Veldu hér. Í flettilistanum eru nöfn á húsum í Stjórnugróf og svæðum í Ögurhvarfi.

Netfang svæðis/stofu

Vinnustaður

1. val

Veldu hér

2. val

Veldu hér

3. val

Veldu hér

Veldu hér

Stjórnugróf – Bjarkarás

Stjórnugróf – Lækjarás

Ás vinnustofa – svæði 1

Ás vinnustofa – svæði 2

- Þú getur sótt um 5 virknihöpa í flettilistunum. Það sem þú velur í 1. vali er það sem þú óskar mest eftir. Það sem þið langar næst mest velur þú í 2. vali og framvegis.

1. val

Veldu hér

Veldu hér

Bókmenntahópur

Dans í Hvönn / Kostar

Endurvinnsla í Fossvogskirkjugarði

Gróðurhús

- Þegar þú ert búinn að velja þarftu að haka við í reitinn: Ég hef lesið Persónuverndarstefnu Áss styrktarfélags, svo að umsóknin fari í gegn.
- Ýta á Senda umsókn.

5. val

Veldu hér

Ég hef lesið [Persónuverndarstefnu](#) Áss styrktarfélags.

Senda umsókn

Hver getur aðstoðað mig við að velja virknihóp? Ef þú þarft aðstoð við að velja er best að fá aðstoð til að sækja um á þínum vinnustað heimasvæði / heimastofu. Það má líka fá aðstoð til að sækja um heima ef þú vilt það frekar.

Hvað er hægt að taka þátt í mörgum virknihöpum? Það er hægt að sækja um mest fimm virknihöpa, en algengast er að fá úthlutað í 1 – 2 virknihöpa. Þau

sem vinna allan daginn geta fengið meira úthlutað en þau sem vinna hálfan daginn.

Get ég valið virknihóp sem er ekki á mínum vinnutíma? Nei, virknihóparnir þurfa að vera á þeim tíma sem þú ert með skráðan vinnutíma.

Sumir virknihópar kosta, hvernig borga ég fyrir námskeiðið? Ef það kostar að taka þátt í virknihóp fær þátttakandi senda heim rukkun í gegnum heimabankann. Í einstaka hópi er óskað eftir að þátttakendur komi með kort eða pening til að geta greitt fyrir aðgang ef þess þarf eða ef á að fara á kaffihús. Það á alltaf að láta vita fyrir fram ef gert er ráð fyrir kostnaði við virknihópa.

Fyrir þá sem aðstoða við að velja í virknihópa

- Það er mikilvægt að hafa í huga að leiðbeinendur eru að **aðstoða fólk við að velja** í virknihópa en **ekki velja fyrir það**.
- Ef leiðbeinandi telur að einstaklingur geti ekki valið sjálfur, né sýnt hvort hann sé sammála eða ósammála valinu, er mikilvægt að **bjóða viðkomandi að vera viðstaddur** þegar valið fer fram. Með því að **tala beint til einstaklingsins** verður hann sjálfkrafa meiri þátttakandi í ferlinu.

Hvað þarf að hafa í huga þegar aðstoðað er við val í virknihópa?

- Leiðbeinendur byrja á að bjóða starfsmönnum að skoða hvaða virknihópar eru í boði, það er hægt að gera í minni eða stærri hópum allt eftir því hvað hentar viðkomandi starfsfólki. Það getur verið gaman að skoða saman á stórum skjá eða í tölvu. Þá er hægt að smella á hópana, lesa lýsingu á hópunum og spjalla saman.
- Hægt er að skoða lýsingu á virknihóp á heimasíðunni undir **Vinna og virkni - Virknihópar**, þar er smellt á hvern hóp fyrir sig og upplýsingar birtast.
- Leiðbeinendur sem taka að sér að aðstoða fólk við að velja í virknihópa þurfa að gefa fólki tækifæri til að **velja sjálf**. Það er gert með því að velja við aðstæður sem henta hverjum og einu, gefa fólk tíma, skapa

andrúmsloft sem fólki líður vel í og gefa fólki tækifæri til að nýta þá tjáningu sem það býr yfir.

- Leiðbeinendur aðstoða fólk með því nota þær tjáskiptaleiðir sem einstaklingurinn notar sjálfur. Það getur verið talmál og bendingar, táknmál, tákn með tali, myndræn tákn, bliss eða tjáskiptatölva.
- Leiðbeinandi sem þekkir vel einstaklinginn getur oft á tíðum lesið í tjáningu viðkomandi einstaklings, skilið merkin eða táknin sem hann sýnir með því að veita hljóðum, hreyfingum eða hegðun athygli.

Þegar leiðbeinendur eru að aðstoða marga við að velja í virkniþópa.

Af fenginni reynslu höfum við séð að það þarf alltaf að byrja nýja umsókn á því að loka fyrri umsókn sem hefur verið móttækin með því að fara til baka á forsiðu heimasíðu Ás styrktarfélag og smella á flipann **Umsókn um virkniþópa**. Ef þið gerið það ekki er hættu á að umsókn þess sem var á undan trufla nýja umsókn.

Ef þið eruð að sækja um á vefnum fyrir marga aðila:

- Smella á flipann **Umsókn um virkniþópa**
- Staðfesting birtist: „Takk fyrir, umsókn þín hefur verið móttækin“
- Fara til baka í viðmót þar sem þið sjáið forsiðuna og velja aftur **Vinna og virkni** og svo undirflipann **Umsókn um virkniþópa**.

